

# HEIMSÓKN TIL PABBA




Klaudia Rymon-Lipinska







# HEIMSÓKN TIL PABBA



Klaudia Rymon-Lipinska  
Eskifjörður 2019







Fyrir löngu löngu síðan...

eða kannski ekki fyrir svo löngu var stelpa sem hét Klaudia. Hún var venjuleg næstum því 5 ára stelpa sem elskaði dúkkur, bleikan lit og litla hundinn sinn sem hét Kacper og auðvitað elskaði hún mömmu og pabba líka.

Einn daginn breyttist allt í lífinu hennar, því að pabbi hennar þurfti að fara langt í burtu frá þeim til að vinna, hann fór til Íslands, kalds lands sem var langt í burtu. Þannig ímyndaði hún sér landið allavega, því hún vissi ekki meir. Ísland er í um það bil 3 þúsund kílómetra fjarlægð frá heimalandi hennar sem er Pólland.







Eftir að pabbi Klaudiu fór til Íslands hringdi hann mjög oft í Klaudiu og mömmu hennar, hann skrifaði bréf til þeirra og auðvitað sendi hann flottar gjafir, en samt saknaði Klaudia hans mjög mikið, en samt sem áður vildi hún stundum ekki tala við hann í síma. Hún var reið útí hann fyrir að hafa skilið þær eftir og farið frá þeim svona langt í burtu og í svo langan tíma.

Það var sérstaklega erfitt fyrir hana þegar hún sá vini sína í leikskólanum með pöbbum sínum, þegar þau léku sér og gerðu skemmtilega hluti, þá mundi hún alltaf eftir því að pabbi hennar væri ekki heima.







Í hvert skipti sem pabbi kom heim, lofaði hann Klaudiu og mömmu, að einn daginn myndu þær koma í heimsókn til hans á Íslandi. Hann var búinn að segja þetta svo oft að þær voru hættar að trúa honum. En þær hefðu aldrei átt að efa orð hans, því þær komust bráðum af því að pabbi efnir alltaf í loforð sitt, en þið fáið að vita um það seinna í þessari bók.

Tíminn leið mjög hratt hjá Klaudiu og mömmu, dagarnir þeirra litu allir eiginlega eins út. Það er að segja Klaudia fór í leikskólann á morgnana eftir það fóru þær að versla í matinn og svo elduðu þær. Eftir matinn fóru þær alltaf að leika smá, stundum komu frændsystkini hennar í heimsókn eða nágrannar og stundum fóru þær líka til ömmu eða einhvert annað í heimsókn.


En það sem Klaudiu fannst skemmtilegast að gera, var að leika við hundinn Kacper, stundum kallaði hún hann litla bróður sinn, já já, þið heyrðuð rétt, hún kallaði hann bróður sinn.





# Skritinn dagur

Á ákveðnu tímabili varð mamma mjög skritin, hún fór alltaf afsíðis þegar hún talaði við pabba í símann. Klaudia hélt að mamma væri að fela eitthvað fyrir henni og vildi vita hvað það væri.




Þegar pabbi hafði búið á Íslandi í svölíttinn tíma fór mamma hennar og keypti fullt af blómum og nammi og sagði Klaudiu að þær ætluðu að færa þetta kennurunum og börnunum í leikskólanum. Þetta var mjög skrítið af því að krakkarnir máttu bara koma með nammi eða blóm á afmælisdaginn sinn, en Klaudia átti ekki afmæli! Hún á afmæli í september en það var bara maí.



Klaudia hætti ekki að spyrja mömmu sem loksins útskýrði að hún þyrfti að hætta á leikskólanum sínum, því að þær væru að fara í heimsókn til pabba. Klaudia var mjög glöð þegar hún heyrði þetta, því nú fengi hún loksins að hitta pabba og vera með honum.





Börnin og kennararnir knúsuðu hana mjög fast síðasta daginn hennar í leikskólanum í Póllandi. Það voru flestir sorgmæddir og það láku mörg tár niður kinnar. Klaudiu fannst þetta mjög erfitt af því að hún var mjög glöð að fara til pabba en samt vildi hún ekki fara frá vinum sínum og kennurum, þetta var mjög erfiður dagur.


## Ferðalagið byrjar

Daginn sem ferðalagið hófst, vöknudu Klaudia og mamma hennar mjög snemma, Klaudia var mjög hissa þegar hún sá nokkrar stórar töskur, sem mamma pakkaði niður meðan hún var sofandi. Um leið og Klaudia byrjaði að borða morgunmatinn, hringdi dyrabjallan, þetta var frændi hennar. Mamma var mjög stressuð og áhyggjufull, alveg öfugt við Klaudiu, hún var mjög spennt og gat ekki beðið eftir að fara í flugvélinu og að hitta pabba. Hún borðaði morgunmatinn og á meðan fór frændi hennar með ferðatöskurnar út í bíl.










Mamma byrjaði hinsvegar að pakka niður hlýjum fötum í bakpoka, þar sem Klaudia ætlaði að setja dótið sitt. Mamma sagði henni að setja dótið í kassann sem yrði sendur til Íslands næsta dag. Klaudia var svolítið reið úti mömmu sína en hún gat ekkert annað en hlýtt henni. Henni fannst bull að taka með sér úlpu og húfu í maí, þótt að þær væru að fara til Íslands. Mamma sagði henni að kveðja Kacper, Klaudia knúsaði hann eins fast og hún gat og sagði honum að hún kæmi bráðum. Þarna vissi hún ekki ennþá að þau mundi ekki hittast í mjög langan tíma.

Á leiðinni á flugvöllinn sagði mamma eiginlega ekki neitt, Klaudiu aftur á móti talaði alla leiðina þar sem hún leiðbeindi frænda sínum hvernig hann ætti að passa hundinn hennar, sagði honum hvað hann mætti og mætti ekki borða og allt þar á milli. Þegar þau voru komin á flugvöllin var Klaudia mjög hissa þar sem að frænkur hennar og foreldrar þeirra voru á staðnum og kom í ljós að þau myndu öll fara saman til Íslands.









Á flugvellinginum fannst henni allt vera risa stórt og flott. Frænkunar hlupu út um allt og mamma var allan tímann á eftir þeim. Klaudia var orðin svo þreytt af öllum þessum hlaupum að mamma þurfti að bera hana inn í vélina og hún sofnaði áður en vélin fór upp í loft.








Þau millilentu í Danmörku, og þaðan flugu þau til Íslands með stórri vél. Klaudia man miklu meira eftir því flugi og man vel eftir stanslausum spurningum til mömmu og pirringi yfir því að hún sæi ekki neitt nema þessi ljótu og leiðinlegu ský. Þetta var fyrsta flugferðin hennar sem hún mundi eftir og hún gat ekki beðið eftir að geta loksins hitt pabba sinn.

## Er þetta Ísland?

Þegar þau lentu á Íslandi, kom aftur sú mikla orka sem Klaudia hafði í byrjun ferðalagsins. Þau náðu í farangurinn og Klaudia togaði í mömmu og byrjaði að gráta af því hún vildi fá að hitta pabba á stundinni. Mamma gat ekki róað hana niður og gat ekki sagt henni að ferðin væri ekki ennþá búin, og að það væri enn ein vél eftir til að hitta pabba. Klaudia hélt bara áfram og var hún orðin mjög þreytt á öllu þessu ferðalagi.







Þau tóku rútu til Reykjavíkur og Klaudia fylgdist með umhverfinu. Öll spennan skyggði á vonbrigðin, því hún kom frá landi sem er með fullt af trjám, blómum og sólin skín oftast en á Íslandi, sérstaklega í maí.

Þarna skipti Klaudia um skoðun og var mjög þakklát að mamma hafi tekið hlý föt með, af því það var mjög kalt. Þau komu á flugvöllinn í Reykjavík og þegar Klaudia var búin að venjast kuldanum, byrjaði hún að hoppa og skoppa eins og jójó, þá byrjaði líka aftur sami söngurinn að hún vildi til pabba. Erum við komin? Hvar er hann? En mamma útskýrði fyrir Klaudiu að það væri bara klukkutími þangað til að þær myndu hitta hann.

# Loksins!

Mamma hafði rétt fyrir sér, flugið tók enga stund. Áður en Klaudia vissi af voru þau að fara úr vélinni. Þarna sá Klaudia pabba, er þetta í alvöru hann? PABBI! Hún hljóp til hans og knúsaði hann eins fast og hún gat, hann var með ljósbláan bangsa handa henni. Þarna var hún orðin hamingjusöm, hún fékk loksins að hitta pabba sinn, sem hún hafði beðið eftir allan daginn.

Þrátt fyrir að það hafi verið maí, þá tóku Egilsstaðir á móti þeim með miklum vindi og dálítilli snjókomu.

En það truflaði Klaudiu ekki neitt, mikilvægasta var að þau voru loksins öll saman. Klaudia, pabbi og mamma. Þegar þau komu heim, eða til Eskifjarðar byrjaði Klaudia að taka allt uppúr töskunum þrátt fyrir þreytu og taka upp dót sem hún tók með án þess að mamma vissi. Byrjuðu þau pabbi að leika sér og fór hún ekki að sofa fyrr en mjög seint.









Á næstu dögum, þrátt fyrir að það hafi verið sumar, var veðrið ekki rosalega gott eins og í Póllandi, og pabbi þurfti alltaf að fara að vinna. Klaudia og mamma eyddu því miklum tíma í íbúðinni og stundum komu frænkur hennar að leika. Eftir nokkrar vikur fór Klaudiu að leiðast og hún fór að sakna ömmu, frændfólksins, vina á leikskólanum en mest saknaði hún Kacpers. Þær hringdu oft í ömmu, Klaudia sagði henni alltaf hvað hún og mamma voru að gera og þá sagði amma að allir söknuðu þeirra mjög mikið.

# Leikskólinn

Einn daginn kom pabbi snemma heim úr vinnunni, hann bað Klaudiu og mömmu að gera sig tilbúnar og hann sagði að hann ætlaði að koma þeim á óvart. Klaudia var tilbúin eftir tvær mínútur og sagði mömmu að flýta sér. Eftir stutta stund voru þau komin í bílinn, þetta var mjög stutt ferð. Þið vitið ekki hversu hissa Klaudia var þegar hún sá hvert þau væru að fara, þau voru að fara á leikskólann. Já! Þau voru í alvörinni að fara á leikskólann. Klaudia talaði alltaf rosalega mikið og hún gat gert það stanslaust og endalaust.

Þannig hún spurði foreldra sína milljón spurninga eða jafnvel tvær milljónir spurninga um hvað þau væru að gera hérna? Hvað þau ætluðu sér með því að fara með hana á leikskólann og af hverju hún mátti ekki bara vera heima? Þau báðu Klaudiu um að bíða með allar þessar spurningar og að þau mundu tala við hana eftir heimsóknina. Klaudia var ekki ánægð en samþykkti það og fór að skoða leikskólann. Leikskólastjórinn tók vel á móti þeim, en Klaudia skildi ekki neitt af því sem hún sagði, þannig hún og pabbi ákváðu að fara að leika á leikvellingum.







Hún hugsaði með sér, það eru rennibrautir, rólur og börn alveg eins og heima í Póllandi, en þessi börn voru eitthvað öðruvísi en vinir hennar í Póllandi og Klaudiu fannst þau bara skritin. Mamma kom bráðum og kallaði þau inn, sem betur fer því hversu lengi getur fólk glápt á mann, bara eitthvað skítið fólk.

Eftir heimsóknina fóru þau á sjoppuna og fengum sér ís, Klaudiu fannst það mjög skrítið í svona veðri, en hún var ekkert að kvarta. Það var ástæða fyrir því að Klaudia fékk ís eftir heimsóknina á leikskólann. Mamma og pabbi sögðu henni að þær myndu vera lengur á Íslandi og að mamma færi bráðum að vinna og að hún þyrfti þá að fara á leikskóla. UUUU HA!!!? Núna skildi hún, ísinn átti koma henni í betra skap eftir þessar fréttir, en ísinn hjálpaði ekki neitt. Eftir nokkrar vikur á Íslandi vildi Klaudia bara fara heim, heim til ömmu, Kacpers og á leikskólann í Póllandi.







En allt þetta væl í mömmu og pabba virkaði ekki, því næsta morgun um 9 leytið stóðu þau fyrir framan leikskólann. Þarna byrjaði þetta, erfiðustu vikur lífs hennar. Fyrstu dagana í leikskólanum varð mamma eftir með Klaudiu, hún hvatti hana til að leika við önnur börn, og það virkaði, en aðeins á meðan mamma var með henni. Um leið og mamma hætti að koma og vera með breyttist allt. Þetta voru tímar sem voru mjög erfiðir og sérstaklega fyrir 5 ára barn. Klaudia grét mjög mikið þrátt fyrir að allir væru mjög góðir við hana, brostu til hennar og vildu leika við hana.


Henni leið illa því hún skildi ekki neitt sem börnin og kennararnir sögðu við hana og henni fannst þau bara vera að segja eitthvað bull. Henni fannst hún vera ein í öllum heiminum og að enginn skildi hvernig henni leið. Hún var mjög reið út í mömmu, ekki bara af því að hún skildi hana eftir í leikskólanum heldur líka fyrir að hafa komið til Íslands. Alltaf eftir leikskólann talaði Klaudia við ömmu í símann og grátbað hana um að koma og ná í sig, að bjarga henni. En amma sannfærði Klaudiu um að bráðum mundi hún eignast nýja vini og að þá yrði allt í lagi.



Krókodílinn sem  
þoldi ekki vatn


? ? ?  
? ? ?

Eftir nokkrar vikur af erfiðum morgnum og grátandi viðveru í leikskólanum sagði mamma að nú væri nóg komið. Hún tók sig á og fékk fullt af bókum á íslensku lánaðar af bókasafninu og hún gjörsamlega límdi heitin á hlutunum á íslensku allstaðar á heimilinu. Með þessu vildi hún að þau öll myndu læra íslenskuna fljótt og vel.









Klaudia þurfti að endurtaka þessi erfiðu orð aftur og aftur og aftur, alveg milljón sinnum á dag. Eftir nokkra daga kunni hún nokkur orð. Leikskólakennararnir voru ekki lengur jafn skrítnir og börnin ekki heldur. Með því að bæta við handahreyfingum við þau orð sem hún kunni, gat Klaudia bjargað sér. Það var einhvern veginn auðveldara að fara þangað með hverjum deginum sem leið, en mamma hætti ekki. Hún ákvað að bjóða Íslenskum börnum heim til þeirra, en afhverju? Var ekki nóg að leika við þau í leikskólanum?

Klaudia tók ekki rosalega vel í þessa hugmynd mömmu hennar, í raun var hún brjáluð! Af hverju gerir mamma þetta?! Hvað ætla þau að gera hérna? Hver mun tala við þau? Nei, Klaudia vildi ekki fá þau í heimsókn.

En mamma gafst ekki upp og sagði að næsta laugardag myndu tvær íslenskar stelpur koma heim til þeirra. Klaudia fór í fýlu og beinustu leið inn í herbergið sitt, hún var það reið út í mömmu að hún ákvað að borða ekki kvöldmat þann daginn. En um leið og Klaudia fann lyktina sem kom út eldhúsinu var hún fyrst að matarborðinu.





Þarna hugsaði hún með sér að það væri langt fram að næsta laugardegi og kannski mun mamma bara gleyma þessu, en það gerðu hún svo sannarlega ekki.





## Kannski getur Klaudia þetta?


Þegar það kom að heimsókninni bað mamma Klaudiu um að taka til í herberginu sínu og minnti Klaudiu á að þær áttu von á gestum í dag. Hvernig gat Klaudia gleymt þessu, mamma talaði um þetta á hverjum einasta degi, hugsaði Klaudia með sér á meðan hún raðaði dúkkunum sínum. En mamma eins og mamma er, langbesti skipuleggjandi áætlana og lífsverkefna, var hún vel skipulögð og tilbúin fyrir þessa heimsókn. Hún bakaði köku, poppaði og gerði hún safa úr ferskum ávöxtum og ekki má gleyma því að hún bakaði pizzu í kvöldmatinn.

Mamma og Klaudia voru báðar spenntar þegar dyrabjallan hringdi, þarna var orðið of seint, núna gátu þær ekki hætt við. Í dag veit Klaudia að þetta var jafn erfitt fyrir mömmu hennar, því að hún kunni ekki heldur íslensku.

Mamma einnar stelpunnar kom með þær báðar og um leið og hurðarnar opnuðust fékk Klaudia fiðrildi í magann, þetta var kvíði. Mamma bauð þeim inn og auðvitað inn í herbergið hennar Klaudiu. Mamma vissi alveg hversu erfitt þetta var fyrir Klaudiu, þannig hún byrjaði að leika við stelpurnar.











Amma haftði sent þeim allt dótið sem var eftir heima í Pollandi af því að þær ákváðu að vera lengur eftir á Íslandi. Öll púsl, bækur og auðvitað prinsessu kjólarnir hennar voru komin á sinn stað í herberginu. Þannig um leið og stelpurnar komu inn í herbergið, sáu þær allann „fjárjóðinn“ hennar Klaudiu. Mamma þurfti ekki að finna uppá neinu því, stelpurnar byrjuðu bara strax að leika sér. Klaudiu fannst þetta mjög gaman og hún var rosalega glöð og ánægð.

Þær mátuðu alla kjólana, allar dúkkurnar áttu afmæli þann dag, auðvitað bakaði mamma ekki kökuna af ástæðulausu. Klaudia og stelpurnar spiluðu, lituðu og bjuggu til tjald úr stólum og teppum, en við það fengu þær smá hjálp frá mömmu. Áður en þær vissu, þurftu stelpurnar að fara heim, en enginn þeirra vildi kveðja. Mamma sannfærði Klaudiu og nýju vinkonurnar að þær gætu leikið sér aftur hvenær sem þær vildu.

Á kveðjustund knúsuðut þær allar, og ein stelpnanna bað Klaudiu um að vera svona alltaf, líka í leikskólanum.

Klaudia hugsaði með sér... hvernig?  
En hún spurði hana ekki að því.  
Stelpurnar ákváðu að hittast aftur  
næsta dag.



Klaudia var orðin mjög þreytt en samt fór hún í bað. Hún skemmti sér konungslega að skvetta á veggina, og þá heyrði hún guð minn góður, hvað skeði hérna? Þetta var pabbi, hann var að koma úr vinnuni. Þetta heyrðist frá honum þegar hann sá allt í drasli heima, því að það fylgir góðri skemmtun. Hann hélt að það hafi komið eitthvað óveður og snúið heimilinu á hvolf.





Mamma róaði pabba niður á meðan hún hló og sagði honum að þetta eru afleiðingar af góðri skemmtun Klaudiu með íslenskum börnum. Pabba var glaður að allt hafi gengið vel og þau byrjuðu að taka til, því rúmin voru full af leikföngum og annars hefðu þau ekki geta sofð í þeim.



Þegar Klaudia var búin í baði og burstatennurnar, lagðist hún í rúmið og hún vildi ekki einu sinni hlusta á mömmu lesa eins og þær gerðu alltaf. En samt spurði hún mömmu bara einnar spurningar. Hvað meinti stelpan með því að ég ætti alltaf að vera svona? Hvernig á ég að vera í leikskólanum? Mamma brosti til Klaudiu og sagði að kannski vilja þær alltaf sjá svona glaða og brosmilda Klaudiu. Næstum því sofandi svaraði hún - allt í lagi, ég skal vera svona, en bara næstum því alltaf. Frá þessum degi var allt miklu skemmtilegra og Klaudia byrjaði sjálf að bjóða vinum í heimsókn.







Þegar Klaudia minnst fyrstu mánuðina á Íslandi vill hún muna þennan dag sem fyrsta daginn sinn á Íslandi, með því vill hún meina að hann hafi verið byrjunin á frábæru ævintýri á þessari fallegu eyju. Stutta heimsóknin til þabba hennar hefur núna breyst í 14 ára viðveru og í dag er Klaudia að útskrifast úr menntaskóla. Hún vonar að þessi heimsókn muni vara mikið lengur.







Þessi bók er lokaverkefni við Verkmenntaskóla Austurlands. Bókin er skrifuð út frá reynslu minni og vil ég að önnur börn sjái hvernig það er að flytja langt í burtu frá heimalandi og hvað þau börn þurfa að glíma við.

